



SAMGÖNGUSAMNINGUR

Landsbankinn og starfsmenn bankans, sem undirrita þetta samkomulag, gera með sér eftirfarandi samning um vistvænar samgöngur til og frá vinnu og á vinnutíma.

1. gr.

Landsbankinn hvetur starfsmenn til að nýta sér vistvæna samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnu og á vinnutíma.

2. gr.

Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast til og frá vinnu á eigin bíl, svo sem hjóla eða nýta almenningsamgöngur. Ferðir með leigubílum teljast til almenningsgangna enda samnýti þeir eða fleiri starfsmenn leigubílinn til vinnu.

3. gr.

Það starfsfólk sem að jafnaði (að meðaltali 3 daga í viku) ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti á rétt á árlegum samgöngustuðningi frá Landsbankanum frá undirritun samningsins. Samgöngustuðningur getur verið að hámarki 40.000 krónur á almanaksári til að mæta sannanlegum útlögðum kostnaði. Kostnaður sem tekið er tillit til:

- Mánaðar- eða árskort í strætisvagni
- Viðhald eða viðgerðir á reiðhjólum, bæði tímagjald og efni.
- Kaup á búnaði til að geta ferðast til og frá vinnu, t.d. reiðhjól, lukt eða aurhlífar fyrir reiðhjól. Skór, fatnaður og annað sambærilegt telst ekki til búnaðar í þessu sambandi vegna ferða til og frá vinnu.
- Leigubílakostnaður eða annar sannanlegur kostnaður vegna samaksturs til og frá vinnu og í vinnutíma.
- Annar kostnaður sem samgöngustuðningur getur náð til samkvæmt samningi þessum,

Vilji starfsmaður fá stuðning vegna annars kostnaðar samkvæmt framansögðu skal leita samþykkis mannauðsdeildar. Styrkurinn er greiddur út í hverjum mánuði gegn framvísun reiknings fyrir útlögðum kostnaði. Starfsmenn verða að geta á sannfærandi máta sýnt fram á að kostnaðurinn sé vegna ferða til og frá vinnu.

4. gr.

Þurfi starfsmenn að sinna erindum vegna vinnu sinnar geta þeir annað hvort tekið leigubíl eða fengið miða í strætó fyrir styttri ferðir. Þegar leigubíll er pantaður skal biðja um metan- eða rafmagnsbíl. Landsbankinn getur farið fram á að starfsmaður nýti þann ferðamáta sem tilgreindur er í gr. 7 til að sinna erindum á vegum Landsbankans sé það bæði talið mögulegt og hagkvæmt.

5. gr.

Landsbankinn greiðir í neyðartilvikum leigubílakostnað fyrir starfsmenn í einkaerindum á vinnutíma. Neyðartilvik eru t.d. þegar starfsmenn þurfa að fara heim vegna veikinda barna.

6. gr.

Starfsmenn sem nýta sér stuðning samkvæmt samningi þessum eiga ekki rétt á bílastæðastyrk.

7. gr.

Starfsmaður velur að jafnaði eftirfarandi vistvænan ferðamáta:

- Að ferðast að jafnaði með almenningsamgöngum til og frá vinnu og á vinnutíma
 Að hjóla að jafnaði til og frá vinnu og á vinnutíma



Annað, skilgreinið;

8. gr.

Starfsmenn skuldbinda sig til að skrá ferðir og ferðamáta til og frá vinnu í þar til gerðan gagnagrunn, fari Landsbankinn fram á það.

9. gr.

Samningur þessi gildir í ár og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík,

F.h. Landsbankans

Mannauðsstjóri

Starfsmaður